# Mánudagur 3. júlí

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Þvottabirnirnir (4)** (Raccoons). Nýr, bandarískur teiknimyndaflokkur. Leikraddir Hallur Helgason og Helga Sigríður Harðardóttir. Þýðandi Þorsteinn Þórhallsson.
18.15 **Litla vampíran (11)** (The Little Vampire). Sjónvarpsmyndaflokkur unninn í samvinnu Breta, Þjóðverja og Kanadamanna. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Vistaskipti.** Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
19.20 **Ambátt** (Escrava Isaura). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Fréttahaukar** (Lou Grant). Bandarískur myndaflokkur um líf og störf á dagblaði. Aðalhlutverk Ed Asner, Robert Walden, Linda Kelsey og Mason Adams. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
21.20 **Píslarvottar** (Martyrer). Leikin mynd sem sænskir sjónvarpsmenn gerðu í Líbanon árið 1988 og lýsir ógnum stríðsins, ofstæki og mannfórnum. Leikstjóri Leyla Assaf-Tengroth. Aðalhlutverk Randa Asmar, Fodi Abi Khalil, Antoine Moultaka og Latifah Moultaka. Þýðandi Trausti Júlíusson. (Nordvision – sænska sjónvarpið).
22.35 **Hvernig voga þeir sér?** – Viðtal við Helen Caldicott. – Ástralska baráttukonan og friðarsinninn Helen Caldicott heimsótti Ísland fyrir skömmu og flutti erindi um afnám kjarnorkuvopna og friðarmál. Sigrún Stefánsdóttir átti við hana viðtal meðan á Íslandsdvölinni stóð.
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Vinstri hönd Guðs.** Left hand of God.
19.00 **Myndrokk.**
19.19 **19:19.** Ferskur fréttaflutningur ásamt innslögum um þau mál sem hæst ber hverju sinni um víða veröld.
20.00 **Mikki og Andrés.** Mickey and Donald. Frábær teiknimynd fyrir alla fjölskylduna.
20.30 **Bein lína.** Síminn er 673888. Liggur þér eitthvað á hjarta? Þetta er tækifæri áskrifenda og annarra áhugamanna um Stöð 2 til þess að segja okkur hvað þeim finnst um dagskrána og þjónustu okkar við þá. Umsjón: Jón óttar Ragnarsson.
21.00 **Kæri Jón.** Dear John. Óborganlegur bandarískur gamanmyndafokkur. Aðalhlutverk Judd Hirsch, Isabella Hofmann, Jane Carr og Harry Groener.
21.30 **Dagbók smalahunds.** Diary of a Sheepdog. Hollenskur framhaldsmyndaflokkur. Sjöundi þáttur. Aðalhlutverk: Jo De Meyere, Ko van Dijk, Rudy Falkenhagen og Bruni Heinke.
22.35 **Dýraríkið.** Wild Kingdom. Einstaklega vandaðir dýralífsþættir.
23.00 **Stræti San Fransiskó.** The Streets of San Francisco. Bandarískur spennumyndaflokkur. Aðalhlutverk: Michael Douglas og Karl Malden.
23.50 **Móðurást.** Love Child.
1.25 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Valgeir Ástráðsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** með Ingveldi Ólafsdóttur.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Músin í Sunnuhlíð og vinir hennar eftir Margréti E. Jónsdóttur. Sigurður Skúlason les (6.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn.** Lesið úr forustugreinum landsmálablaða.
9.45 **Búnaðarþátturinn** – Um heygæði og fóðuröflun. Bjarni Guðmundsson, kennari á Hvanneyri, flytur.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Húsin í fjörunni.** Hilda Torfadóttir. (Frá Akureyri)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Frá útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík: Verk eftir Þorvald B. Þorvaldsson. Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Ímynd lækna og hjúkrunarfræðinga. Umsjón: Margrét Thorarensen og Valgerður Benediktsdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Að drepa hermikráku eftir Harper Lee. Sigurlína Davíðsdóttir les þýðingu sína (12.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Einnig útvarpað nk. laugardagsmorgun kl. 6.01.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Fylgdu mér í Eyjar út.** Minningar um Ása í Bæ. Umsjón: Gísli Helgason og Ingi Gunnar Jóhannsson. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Meðal annars verður sagt frá Eiffelturninum í París og við heyrum framhaldssöguna Pési grallaraspói og vinir hans eftir Ole Lund Kirkegaard. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi eftir Eduard Tubin.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Fyll'ann,** takk. Gamanmál í umsjá Spaugstofunnar. (Endurflutt frá laugardegi.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 3.00) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Ólafur Oddsson flytur.
19.37 **Um daginn og veginn.** Margrét Jónasdóttir námsbrautarstjóri við Háskólann á Akureyri talar. (Frá Akureyri.)
20.00 **Litli barnatíminn:** Músin í Sunnuhlíð og vinir hennar eftir Margréti E. Jónsdóttur. Sigurður Skúlason les (6.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Barokktónlist** – Vivaldi, Geminiani, Bach.
21.00 **Sveitasæla.** Umsjón: Signý Pálsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá föstudagskvöldi.)
21.30 **Útvarpssagan:** Valla-Ljóts saga. Gunnar Stefánsson les fyrri hluta.
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins..
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Föðmuð af ylstraum á eina hlið,** á aðra af sæfrerans harðleikna taki. Ari Trausti Guðmundsson ræðir við Unnstein Stefánsson haffræðing. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 15.03.)
23.10 **Kvöldstund í dúr og moll.** með Knúti R. Magnússyni.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Frá útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík: Verk eftir Þorvald B. Þorvaldsson. Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, maður dagsins kl. 8.15.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýjú lögin. Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Kristinn R. Ólafsson talar frá Spáni. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Kristjana Bergsdóttir og austfirskir unglingar.
22.07 **Rokk og nýbylgja.** Pétur Grétarsson kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 2.00.)
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**
01.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Lögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá fimmtudagi á rás 1.)
03.00 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá rás 1 kl. 18.10.)
03.20 **Rómantíski róbótinn.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi mánudagsins.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðiþáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Umsjónarmaður er Arnþrúður Karlsdóttir.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigursteinn Másson.** ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturdagskrá.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í blandi við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðiþáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
9.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Margrét leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Stjórnar tónlistinni með duglegri hjálp hlustenda. Ný tónlist situr í fyrirrúmi. Spjallað við hlustendur, getraunir og leikir. Róleg tónlist kl. 18.10-19.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigursteinn Másson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturstjörnur.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
11.00 **Neðanjarðargöngin 7-9-13. E.**
13.30 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil. E.
15.30 **Laust.**
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Laust.**
17.30 **Laust.**
18.00 **Á mannlegu nótunum. Flokkur mannsins.**
19.00 **Bland í poka. Tónlistarþáttur í umsjá Ólafs Hrafnssonar.**
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Umsjón: Bragi og Þorgeir.
21.00 **FART.** Þáttur með illa blönduðu efni í umsjá Alexanders.
22.00 **Hausaskak.** Þungarokksþáttur í umsjá Hilmars Þórs Guðmundssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt.**

## ALFA FM·102,9

17.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
21.00 **Orð trúarinnar.** Endurtekið frá föstudegi.
23.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
24.00 **Dagskrárlok.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks/Steinunn Halldórsdóttir.**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðjónsson.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **The Littles.** Teiknimyndasería.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.30 **Voyagers.** Spennumyndaflokkur.
19.30 **The Critical List.** Framhaldsflokkur.
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.30 **Boney.** Ævintýrasería.

## SKY MOVIES

15.00 **Silence.**
17.00 **Homeward Bound.**
19.00 **Bad Medicine.**
20.50 **Gulag.**
23.00 **Delivery Boys.**
00.30 **The Big Score.**

## EUROSPORT

9.30 **Irish Derby.** Kappreiðar á Írlandi.
10.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
11.00 **Rugby.** Ástralía gegn Bresku ljónunum.
12.30 **Vélhjólaakstur.** Grand Prix keppni í Belgíu.
13.30 **Golf.** fLokadagur US Seniors keppninnar í Ameríku.
15.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
17.00 **Bílasport.** Shell International Motor Sport.
18.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
19.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á helstu viðburði liðinnar viku.
20.00 **Frjálsar íþróttir.** Alþjóðlegt mót í Stokkhólmi.
21.30 **Box. Múhameð Ali gegn Ken Norten.**
22.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Poppþáttur.**
14.30 **Hotline.**
16.30 **Poppþáttur.**
17.30 **Richard Diamond.** Sakamálamyndaflokkur.
18.00 **High Chaparral.** Vestraþáttur.
18.55 **Cassie og Co.** Sakamálaþáttur.
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **Discovery Zone.**
21.00 **Wild World.**
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**



**Bjarni Haukur Þórsson er stjórnandi dagskrár Stjörnunnar frá klukkan tvö til sjö.**

### Stjarnan kl. 14.00–19.00:

# Virkir dagar á Stjörnunni

## – fyrir ungt fólk á öllum aldri

Frá klukkan 14–19 er aðeins lífleg tónlist á Stjörnunni: FM 102,2 og 104. Bjarni Haukur Þórsson stjórnar tónlistinni með dyggri aðstoð frá hlustendum. Ný tónlist er í fyrirrúmi og segja Stjörnumenn að stöðin sé þekkt fyrir að vera ávallt með nýjustu lögin á fóninum. Bjarni Haukur spjallar líka við hlustendur. Getraunir og leikir eru líka alltaf á dagskrá. Stjarnan tekur virkan þátt í vinnudeginum og fylgist með atburðum líðandi stundar. „Íslenskir tónar“ eru farnir í sumarfrí en þess í stað leikur Bjarni Haukur þægilega og rólega tónlist frá 18.10–19.00. Dagskrá Stjörnunnar frá klukkan tvö til sjö er fyrir ungt fólk á öllum aldri.

### Sjónvarp kl. 21.20:

# Píslarvottar

## – pólitísk sjálfsmorð

Ung líbönsk stúlka kemur sprengju fyrir í bíl sínum og keyrir inn í hóp ísraelskra hermanna. Hún sprengir sjálfa sig í loft upp og tekur sjö Ísraela með sér í dauðann. Hvað fær ungt fólk til þess að fórna sér í sjálfsmorðsárásum eins og þessum – að trúa á „stoltan martraðardraum“ í göfugum tilgangi? Píslarvottar er sænsk kvikmynd frá 1987 með líbönskum leikurum. Atburðir fara fram í hinu stríðshrjáða landi Líbanon þar sem ungt fólk verður fórnarlamb pólitísks ofstopa og deyr næstum daglega fyrir föðurlandið. Myndin byggir á frásögn um Nadiu. Sagan er ekki sönn en söguþráðurinn er spunninn út frá reynslu margra fjölskyldna í raunveruleikanum. Nadia heldur pólitískum skoðunum sínum leyndum fyrir fjölskyldunni. Kristin trú, tengsl við foreldra og ást á æskufélaganum, Samir, eru mótandi hlutir á líf og skoðanir Nadiu. Leikstjórinn og höfundurinn, Leyla Assaf-Tengroth, hefur fengið verðlaun og mikla athygli fyrir verk sín.

-ÓTT



**Gísli Helgason og Ingi Gunnar Jóhannsson eru umsjónarmenn þáttarins um Ása í Bæ.**

### Rás 1 kl. 15.03:

# Fylgdu mér í eyjar út

## – Ási í Bæ

Í þessum þætti er brugðið upp mynd af Ása í Bæ. M.a. er leikin hljóðritun sem var gerð á tónleikum í Norræna húsinu 27. febrúar 1984 þegar Ási varð sjötugur. Einnig heyra hlustendur upptöku frá samræðum Gísla Helgasonar og Jökuls Jakobssonar við Ása – þar flytur hann nokkur laga sinna og ljóða. Auk þess hefur komið í leitirnar upptaka frá Blindrabókasafni Íslands þar sem Ási hafði byrjað á að lesa bók sína Skáldað í skörðin inn á segulband. Þar rakti hann æskuminningar sínar úr Eyjum. Dagskráin er tengd saman með þeim lestri. Því miður auðnaðist Ása ekki að ljúka þessu verki – hann lést þann 1. maí 1985. Umsjónarmenn þáttarins eru þeir Gísli Helgason og Ingi Gunnar Jóhannsson.

-ÓTT